

Forsætisnefnd

Fyrirspurnir í borgarstjórn 6. febrúar 2018

Á fundi borgarstjórnar þann 6. febrúar 2018 voru lagðar fram svohljóðandi fyrirspurnir Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa:

- a. Óskað er eftir að tekið verði saman sundurliðaður heildarkostnaður sem Reykjavíkurborg hefur lagt í vegna a) þrengingu gatna b) hjólreiðarstíga og c) forgangsakreina Strætó innan Reykjavíkur, annars vegar á þessu kjörtímabili og hins vegar á árunum 2010-2014.
- b. Í aðgerðaráætlun 2015-2020 um framtíð úrgangsmála í Reykjavík, kemur fram að söfnun á gler- og steinefni eigi að hefjast á grenndarstöðvum 2015-2016. Óskað er eftir upplýsingum um hvar þær grenndarstöðvar eru staðsettar sem taka á mótí ofangreindu.
- c. Óskað er eftir upplýsingum um hvort að fram hafi farið kostnaðar- og hagkvæmnisathugun á því að sameina fjármálaskrifstofur fyrirtækja Reykjavíkurborgar, eins og Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Faxaflóahafna, Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins, Strætó og Sorpu. Ef svo er þá óskast lögð fram þau gögn og skýrslur er það mál varða.
- d. Í borgarráði 1. febrúar 2018 var lögð fram samantekt á aðgerðum sem miða að því að manna störf á skóla- og frístundasviði, dags. 29. janúar 2018. Um er að ræða ítarlegt skjal þar sem margra leiða hefur verið leitað. Óskað er eftir upplýsingum hvort að tekið hafi verið saman hver kostnaðurinn hafi verið við alla þá 14 liði sem þar eru nefndir. Hefur verið tekið saman tímafjöldi embættismanna sem að verkefninu hafa komið? Hver var heildarkostnaðurinn við lið 1.8, jólagjafir? Hver var kostnaðurinn við nr. 2.2, nýtt útlit og nálgun í auglýsingu? Var keypt utanaðkomandi þjónusta auglýsinga- eða hönnunarstofu og þá hveirrar og fyrir hvaða fjárhæð? 2.3. Við hvaða birtingarráðgjafa var gert samkomulag og hver var kostnaðurinn við hann? Hver var kostnaður við lið 2.7, þjónustu Capacent? Hver var kostnaðurinn við lið 2.12 um samning um dansverkefni?
- e. Á árinu 2015 samþykkti meirihlutinn í borgarstjórn að velferðarsvið tæki yfir rekstur gistiskýlis fyrir húsnæðislausa karla sem hafði verið í höndum góðgerðarsamtaka áður í stað þess að ganga að framkomnum tilboðum Hjálpræðishersins og Samhjálpur um reksturinn. Nú er óskað eftir að tekið verði saman rekstrarkostnaður sem fallið hefur á Reykjavíkurborg frá því að hún tók við rekstrinum, bæði með og án innri leigu. Óskað er eftir sundurliðun á rekstrarkostnaði, innri leigu, launakostnaði, aðföngum/rekstri og síðan annað ef haldið er utan um kostnaðarþættina í bókhaldskerfinu með þeim hætti.
- f. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar, eftir því í hvaða miðlum er og hefur verið auglýst vegna ársins 2015, 2016 og 2017. Þá er óskað eftir sundurliðuðum kostnaði við birtingarhús eða birtingarráðgjafa og hversu mikið sé greitt í “kostaðar” auglýsingar á

- samfélagsmiðlum. Einnig óskast upplýst hvort að borgin hafi á þessu tímabili gert sérstaka auglýsinga eða kostunar samninga við fjölmiðla.
- g. Óskað er eftir að tekið verið saman og lagt fram stöðuskjal og kostnaðarskjal varðandi hönnun mannvirkja og uppbyggingu á samþættum leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf, menningarstöð, bókasafn, sundlaug og íþróttaaðstöðu Fram í Úlfarsárdal. Skal sérstaklega sett fram hver staðan er miðað við upphaflegar áætlanir og borgarfulltrúar upplýstir um hvort að breytingar séu fyrirsjáanlegar á ákveðnum verk- eða kostnaðarpáttum.
 - h. Óskað er eftir upplýsingum um hvaða lögmannsskrifstofur Reykjavíkurborg hefur átt viðskipti við síðastliðin þrjú ár, 2015, 2016 og 2017 og sundurliðun óskast á fjárhæðum sem greiddar hafa verið til þeirra.

Borgarstjórn samþykkti að vísa fyrirspurnunum til vinnslu á vettvangi forsætisnefndar.

Helga Björk Laxdal
e.u.